

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að allur akstur verði bannaður um Lækjartorg og Austurstræti milli Lækjargötu og Pósthússtrætis. Þó verði heimiluð umferð um Lækjartorg og Austurstræti vegna vörulosunar frá kl. 7 til 11 virka daga.  
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B01.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. að svæðið Lækjartorg og Austurstræti verði skilgreint sem göngugata.  
Merkja skal göngugötu og umferð vegna vörulosunar frá 7-11 virka daga með viðeigandi merkjum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Auglýsing nr. 848/2016 frá 27. september 2016 fellur úr gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 31. október 2016,*

**Jón. H. B. Snorrason** aðstoðarlögreglustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. nóvember 2016